



Akraneskaupstaður

**1395. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þriðjudaginn 28. maí 2024 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2301128 - Deiliskipulag Dalbrautarreitir - Stillholt 23 og Dalbraut 2

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum þann 22. maí 2024 að leggja til við bæjarstjórn að fyrirbyggjandi skipulagslýsing verði auglýst og kynnt.

2. 2403007 - Menntastefna Akraneskaupstaðar - innleiðing

Menntastefna Akraneskaupstaðar var undirbúin og unnin á árunum 2019-2022 í breiðu samráði allra hagaðila skólasamfélagsins á Akranesi. Innleiðing stefnunnar hófst haustið 2023 og gengur vel. Stýrihópur skipaður fulltrúum leikskóla, grunnskóla, frístundastarfs, farsældar, íþróttastarfs, tónlistarskóla, menningarmála og foreldra vinnur að forgangsröðun markmiða og gerð verk- og tímaáætlunar. Á fundi skóla- og frístundaráðs 22. maí 2024 var fjallað um breytingartillögur hópsins er snúa að gildistíma stefnunnar, orðalagsbreytingum og sameiningu markmiða.

Skóla- og frístundaráð samþykkti breytingartillögur stýrihóps um innleiðingu menntastefnu og vísar stefnunni til afgreiðslu í bæjarstjórn.

3. 24042324 - Skólabraut 9 (gamli lönskólinn) - Akraneskirkja skilar húsi.

Akraneskirkja hefur óskað eftir að skila mannvirkinu tilbaka til Akraneskaupstaðar. Bæjarráð tók málið fyrir á fundi sínum þann 16. maí 2024 og bókaði:

Bæjarráði þykir miður sú staða sem er upp komin eins og rakið er með skýrum hætti í erindinu og má fyrst og fremst rekja til fjárhagslegrar stöðu Akranessóknar. Bæjarráð óskar umsagnar skipulags- og umhverfisráðs varðandi möguleg not hússins fyrir Akraneskaupstað og varðandi ástand mannvirkisins. Bæjarráð felur jafnframt bæjarstjóra frágang löggerninga og annars sem tilheyrir breyttu eignarhaldi hússins.

Fundargerðir til kynningar

4. 2401002 - Fundargerðir 2024 - bæjarráð

3563. fundur bæjarráðs frá 16. maí 2024.

5. 2401004 - Fundargerðir 2024 - skóla- og frístundaráð.

240. fundur skóla- og frístundaráðs frá 22. maí 2024.

6. 2401003 - Fundargerðir 2024 - velferðar- og mannréttindaráð.

225. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 15. maí 2024.

7. 2401005 - Fundargerðir 2024 - skipulags- og umhverfisráð.

297. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 15. maí 2024.

298. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 22. maí 2024.

8. 2401027 - Fundargerðir 2024 - Orkuveita Reykjavíkur.

349. Fundargerð stjórnarfundar Orkuveitu Reykjavíkur frá 26. febrúar 2024.

350. Fundargerð stjórnarfundar Orkuveitu Reykjavíkur 7. mars 2024.

9. 2401026 - Fundargerðir 2024 - SSV

180. fundargerð stjórnar SSV frá 6. mars 2024.

181. fundargerð stjórnar SSV frá 6. maí 2024.

28.05.2024

Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.